

## Inngangur

Galdrabækur á borð við þær sem hér birtast vekja mismunandi viðbrögð. Í augum sumra eru þær ímynd vitleysu og fáfræði, jafnvel alls hins illa. Aðrir sjá í þeim forboðin fræði sem vert er að skoða, eitthvað framandi og nýstárlegt sem ýtir undir ímyndunaraflið. Þessi tvö viðhorf hafa verið lengi við lýði. Á Íslandi var eign eða notkun galdrabóka kveikjan að um þriðjungi galddramála á 17. öld. Sennilega hefur þeim blöðum sem þá voru lögð fram við réttarhöld verið tortímt og yfirvöld, bæði andleg og veraldleg, gerðu sitt til að drepa niður áhuga á galdrafræðunum. Íslenskar galdrabækur hurfu þó ekki og þeir tugir sem varðveittir er á handrita-söfnum vitna um áhuga á efni þeirra hvort sem menn hafa trúað því sem í þeim stendur og reynt að framkvæma galdurinn eða eingöngu skrifað upp af hreinni forvitni.

Lengi hefur verið ljóst að galdrabækurnar og galdrastafirnir eru það einkenni íslenskra galddramála sem ekki á neina samsvörun í öðrum löndum. Í 62 galddramálum af þeim rúmlega 130 sem heimildir greina frá á milli 1554 og 1719 eru galdrastafir, galdrablöð og galdrabækur hluti af ákæruatriðum. Stundum var um að ræða stök blöð en stundum fleiri saman og í tveimur

málum er skráð efni heilla bóka sem komust í hendur yfirvalda. Í málskjölum er efni blaðanna í besta falli nefnt og um innihaldið oft á tíðum látið nægja að á þeim hafi verið characteribus eða forljótar figúrur. Aðeins í einu máli voru þeir fjórir stafir sem málið snerist um dregnir upp.<sup>1</sup> Þó má fá nokkra hugmynd um hvaða galdra var um að ræða á 17. öld með því draga saman upplýsingar úr 14 málum. Þeir fjörutíu galdrar sem þar eru nefndir gefa til kynna að vestfirska skráðan sem gerð var upptæk í Skálholti 1664 hafi að einhverju leyti verið dæmigerð og í minna mæli læknispunktur Jóns Guðmundssonar lærða frá 1631.<sup>2</sup> En málskjöl eru ekki eina heimildin frá 17. öld sem gefur einhverja mynd af íslenskum galdri. Í *Íslensku galdrabókinni* sem varðveitt er í Stokkhólmi má finna slangur af göldrum sem höfðu sama eða svipaðan tilgang og nefndir voru við réttarhöld.<sup>3</sup> Tvær aðrar bækur með galdrastöfum er til frá 17. öld en efni þeirra er af öðrum toga. *Galdrakverið* á Landsbókasafninu á lítið skylt við það sem dæmt var fyrir. Þótt fjölmargir stafir séu í kverinu verður að telja þá alla verndartákn en ekki kukl og textar hafa yfir sér kristið yfirbragð, jafnvel pápískt.<sup>4</sup> Á Stofnun Árna Magnússonar er varðveitt þriðja 17. aldar kverið, AM 343d 12mo, en efni þess, bæði teikningar og textar að svo miklu leyti sem þeir verða lesnir, á lítið sameiginlegt með

öðru galdraefni.

Okkur hættir til að horfa eingöngu til brennualdarinnar eða fornritanna þegar galdrar eru annars vegar en nokkur dæmi eru til um sams konar efni frá síðmiðöldum. Um aldamótin 1500 var erlend lækningabók rituð á skinn af Þorbirni Jónssyni, virtum bónda á Kálfanesi við Steingrímsfjörð, forföður Jóns lærða. Einn kaflinn er viðbót sem ekki finnst í öðrum eintökum af lækningabókinni en verður að teljast elsta dæmið um brot úr galdrabók með galdrastöfum og stafarunum.<sup>5</sup> Eldri dæmi um staka galdrastafi leynast í spássíukroti handrita frá síðmiðöldum svo að baki þeim göldrum sem komu fyrir dómstóla á 17. öld er einhver hefð en hún verður ekki rakin lengra aftur vegna skorts á heimildum.

Engar galdrabækur hafa varðveist frá næstu áratugum eftir að galdramálum lauk á Íslandi. Sjálfsagt hafa alþýðufræðin ekki þótt mikils verð meðal lærðra manna en einnig benda sagnir til þess að þeir sem lumuðu á galdraritum hafi annað hvort fargað þeim sjálfir fyrir andlát sitt eða beðið afkomendur sína um það. En á handritasöfnum, einkum handritadeild Landsbókasafns-Háskólabókasafns, er til fjöldinn allur af handritum og handritsbrotum sem kennd eru við galdur í skrá. Hvað sem leið upplýsingu og annari þróun hafa alþýðumenn afritað alls kyns fróðleik frá fyrri öldum og galdrastafir og textar

í 22 galdrastafahandritum eru í stórum dráttum sama kyns og galdraefni 17. aldar. Oftast er litlar upplýsingar að hafa um þessi galdrahandrit og þau eru jafn ólík og þau eru mörg. Í nokkrum tilvikum eru skrifarar kunnir og handritin jafnvel listavel gerð. Önnur, og þá einkum brotin, bera með sér að æfðir skrifarar hafa ekki haldið á pennanum. En allir virðast hafa borið virðingu fyrir forritum sínum. Þegar sami galdur í misgömlum bókum sem sannanlega eru sín frá hvoru landshorninu er skoðaður kemur í ljós að teikningar eru nákvæmlega eins og munur á textum sáralítill. Allt vitnar þetta um að þessar yngri galdrabækur sem skráðar eru frá upphafi 19. aldar og fram á þá 20. hafa varðveitt galdrahefðina og verða ekki afgreiddar sem seinni tíma tilbúningur.

Þótt áhugi á galdramálum 17. aldar hafi aukist hefur galdrabókum verið lítill gaumur gefinn. *Íslenska galdrabókin* í Stokkhólmi var fyrst gefin út 1921 með sænskri þýðingu, ensk þýðing birtist 1989 og loks gaf Matthías Viðar Sæmundsson bókina út 1992. *Galdrakverið* á Landsbóksafninu kom loks út 2004.<sup>6</sup> Um yngri galdrabækur verður að leita til ritgerðar eftir Ólaf Davíðsson sem kom út árið 1903 á þýsku þar sem hann birti 59 galdrastafi með textum. Halldór S. Stefánsson birti galdrastafina í litlum bæklingi árið 1980.<sup>7</sup> Einn galdrastafur í ritgerð Ólafs er af spássú í 15. aldar lögbókarhandriti en hinir

allir frá síðari hluta 19. aldar, þar af fimmtíu úr tveimur handritum alþýðufræðimanna. Ólafur virðist ekki hafa haft aðgang að galdrabókum á Landsbókasafninu og heldur ekki þekkt galdrabókina í Stokkhólmi. Ritgerð hans er því ekki fullnægjandi umfjöllun um íslenskar galdrabækur. Þeim tveimur handritum sem hér eru prentuð og bæði eru varðveitt á handritadeild Landsbókasafns-Háskólabókasafns er ætlað að gefa enn frekari mynd af þessum sérstæðu alþýðufræðum.

Fyrri handritið, Lbs 2413 8vo, er talið frá því um 1800 og bók með jafn mörgum galdrastöfum er ekki sett saman fyrir en alþýðufræðimenn undir lok aldarinnar fara að safna saman efni úr fleiri en einu handriti. Fjölmarga galdra í bókinni má tengja við dómsmál 17. aldar og aðrir eru náskyldir efni galdrabókarinnar í Stokkhólmi. Ekki er vitað hvar handritið er skrifað og heldur ekki hvernig það barst á Landsbókasafnið. Þetta er lítil bók, 10 x 8 cm, og alls í henni 74 blöð. Í handritaskrá Landsbókasafnsins er handritið sagt skrifað af einni og sömu höndinni og kallað rúna- og galdrakver. Engin dæmi um venjulegar rúnir finnast í bókinni en þó nokkrar ókennilegar stafarunur. Upphaf bókarinnar bendir til þess að ætlunin hafi verið að setja efnið skipulega upp. Hún hefst á safni þjófagaldra og ástargaldra en eftir það er engin sérstök röð á galdrastafaefninu

í 22 galdrastafahandritum eru í stórum dráttum sama kyns og galdraefni 17. aldar. Oftast er litlar upplýsingar að hafa um þessi galdrahandrit og þau eru jafn ólík og þau eru mörg. Í nokkrum tilvikum eru skrifarar kunnir og handritin jafnvel listavel gerð. Önnur, og þá einkum brotin, bera með sér að æfðir skrifarar hafa ekki haldið á pennanum. En allir virðast hafa borið virðingu fyrir forritum sínum. Þegar sami galdur í misgömlum bókum sem sannanlega eru sín frá hvoru landshorninu er skoðaður kemur í ljós að teikningar eru nákvæmlega eins og munur á textum sáralítill. Allt vitnar þetta um að þessar yngri galdrabækur sem skráðar eru frá upphafi 19. aldar og fram á þá 20. hafa varðveitt galdrahefðina og verða ekki afgreiddar sem seinni tíma tilbúningur.

Þótt áhugi á galdramálum 17. aldar hafi aukist hefur galdrabókum verið lítill gaumur gefinn. *Íslenska galdrabókin* í Stokkhólmi var fyrst gefin út 1921 með sænskri þýðingu, ensk þýðing birtist 1989 og loks gaf Matthías Viðar Sæmundsson bókina út 1992. *Galdrakverið* á Landsbóksafninu kom loks út 2004.<sup>6</sup> Um yngri galdrabækur verður að leita til ritgerðar eftir Ólaf Davíðsson sem kom út árið 1903 á þýsku þar sem hann birti 59 galdrastafi með textum. Halldór S. Stefánsson birti galdrastafina í litlum bæklingi árið 1980.<sup>7</sup> Einn galdrastafur í ritgerð Ólafs er af spássú í 15. aldar lögbókarhandriti en hinir

allir frá síðari hluta 19. aldar, þar af fimmtíu úr tveimur handritum alþýðufræðimanna. Ólafur virðist ekki hafa haft aðgang að galdrabókum á Landsbókasafninu og heldur ekki þekkt galdrabókina í Stokkhólmi. Ritgerð hans er því ekki fullnægjandi umfjöllun um íslenskar galdrabækur. Þeim tveimur handritum sem hér eru prentuð og bæði eru varðveitt á handritadeild Landsbókasafns-Háskólabókasafns er ætlað að gefa enn frekari mynd af þessum sérstæðu alþýðufræðum.

Fyrri handritið, Lbs 2413 8vo, er talið frá því um 1800 og bók með jafn mörgum galdrastöfum er ekki sett saman fyrir en alþýðufræðimenn undir lok aldarinnar fara að safna saman efni úr fleiri en einu handriti. Fjölmarga galdra í bókinni má tengja við dómsmál 17. aldar og aðrir eru náskyldir efni galdrabókarinnar í Stokkhólmi. Ekki er vitað hvar handritið er skrifað og heldur ekki hvernig það barst á Landsbókasafnið. Þetta er lítil bók, 10 x 8 cm, og alls í henni 74 blöð. Í handritaskrá Landsbókasafnsins er handritið sagt skrifað af einni og sömu höndinni og kallað rúna- og galdrakver. Engin dæmi um venjulegar rúnir finnast í bókinni en þó nokkrar ókennilegar stafarunur. Upphaf bókarinnar bendir til þess að ætlunin hafi verið að setja efnið skipulega upp. Hún hefst á safni þjófagaldra og ástargaldra en eftir það er engin sérstök röð á galdrastafaefninu

fyrir en kemur að verndargöldrum. Loks eru í bókinni stefnur og særingar eins og fylgdu oft handritum af þessu tagi. Aðeins einn þátt er ekki að finna hér sem annars er oft drjúgur hluti af efni galdrabóka en það eru safn af staf-rófum og ýmis konar leyniletri.

Síðari bókin, Lbs 764 8vo, er af allt öðru sauðahúsi. Handritið er 14 blöð, 14 x 8,5 cm að stærð og talið skrifað um 1820. Utan um handritið er gamalt seðlaveski úr leðri, bryddað með grænu og með taubandi til að vefja utan um það. Innan á fyrsta blaðið er nafnið Kristján Sigurðsson en engar vísbendingar um hver hann var. Landsbókasafnið keypti handritið árið 1903 af Þorláki V. Reykdal. Árið áður hafði Þorlákur selt Landsbókasafninu aðra bók sem nefnd hefur verið galdrabók, Lbs 977 4to. Lítið fer fyrir galdrastöfum í þeirri bók, en hún inniheldur nokkur innsigli, stefnur og rúnaletur en einnig töfraráð eða konstir. Efnið í fyrri hluta 764 er fyrst og fremst verndartákn og latínutextar og eitthvað af þessu efni á sér vafalaust evrópskar fyrirmyndir. Þannig eru innsigli erkienglanna (nr. 5-10) þekkt úr erlendum handritum og voru m.a. prentuð í *The Discoverie of Witchcraft* eftir Reginald Scott árið 1584. Ekki hefur verið kannað hvernig þetta efni barst til Íslands á 18. öld eða fyrir. Það á lítið skylt við galdra sem nefndir eru í

galdramálum nema latnesku bænabrotin sem sennilega eru frá katólskum tíma séu álitin „vanbrúkun guðs orða“, orðalag sem er algengt í dómskjölum. Þá er sérkennilegt að sjá „Faðir vor“ afturábak á latínu en guðlast af því tagi er ekki þekkt úr öðrum galdrabókum. Galdrastafirnir í síðari hluta handritsins eru með hefðbundnu sniði að því undanskildu að hér er að finna eina þekkta dæmið um galdrabók sem rituð er með samfelldu leyniletri. Þar eð textar við galdrastafi eru flestir svipaðir reyndist tiltölulega auðvelt að ráða letrið en það hefur ekki fundist í neinu letursafni.

Útgáfa þessi miðast við að sem flestir geti notið efnisins og handritin eru því bæði prentuð með nútíma stafsetningu. Lausn á villuletri er birt innan sviga, allar viðbætur og athugasemdir innan hornklofa. Oddklofi <> er hafður utan um orð sem greinilega vantar í handrit. Línuskipting í þulum (nr. 45 og 183) í fyrri bókinni er útgefanda. Ekki þótti ástæða til að þýða eða leiðrétta latínutextana í Lbs 763 8vo en þess í stað látnir halda sér sem dæmi um latínþekkingu skrifarans. Allar teikningar í bókunum voru teiknaðar upp eftir ljósritum og síðan bornar saman við handritin. Að lokum vil ég þakka þeim sem aðstoðað hafa við útgáfu bókanna, Má Jónssyni fyrir að lesa textana saman við handritin, Calum Campbell

fyrir að fara yfir ensku þýðinguna og Ragnari Edvardssyni fyrir latínuþekkingu. Sjöfn Kristjánsdóttur og aðrir starfsmenn handrita-deildar Landsbókasafns-Háskólabókasafns eiga einnig þakkir skyldar og loks stjórn Stranda-galdurs fyrir þolinmæðina.

Magnús Rafnsson

### **Preface**

People tend to react to books of magic in two ways, either they see them as remnants of silly or evil superstitions or as a forbidden and exotic wisdom that fires the imagination. To be in possession of magical staves or the use of the material in grimoires is mentioned in the charges in a third of all witchcraft cases in Iceland in the 17th century. The pages or books presented to the courts have undoubtedly been burnt and both secular and spiritual authorities did their best to wipe out all interest in magic. But the dozens of grimoires in manuscript collections bear witness to a continuing interest in magic among the common people.

The grimoires and especially the magical staves which are a characteristic of Icelandic magic are mentioned in 62 of the approximate-

ly 130 recorded witchcraft cases between 1554 and 1719 in Iceland. Sometimes single pages are mentioned in court records but books are also referred to as a part of the accusations. Detailed descriptions of the magic is almost non-existent in court records, generally they only state that there were 'characteribus' on the pages, but in two cases the contents of the books were written down, one at the general assembly at Þingvellir and the other in the ecclesiastical school at Skálholt. Only once were staves copied in the record of a case, four staves that were found in a bed in the same school.<sup>1</sup> In spite of the reluctance to describe the magical acts a good idea of them can be seen in the evidence recorded in 14 cases. Altogether 40 acts are mentioned and the list is remarkably similar to the contents of the two books of magic mentioned above.<sup>2</sup> Furthermore three grimoires with staves survive from the burning times in the 17th century. In one of them, *The Galdrabók* preserved in Stockholm, several acts of magic are similar to what is found in court records.<sup>3</sup> Two other books of similar age are of a different kind. The *Galdrakver* in the National-University Library in Reykjavík is a collection of texts and protective signs or staves and must be regarded as Christian superstitions though the staves are much like others with more sinister purposes.<sup>4</sup> The manuscript

AM 434d 12mo in the Árni Magnússon Institute in Reykjavík, is exceptional both in terms of the drawings and the objective of the texts and has no obvious connection to the other books.

Most discussions about Icelandic magic tend to be limited to the time of witch burnings or the Sagas but some late medieval remnants of the same magical tradition can be found. A few staves are drawn in the margins of late medieval manuscripts and a fraction of an Icelandic grimoire with staves and rows of exotic letters seems to be included in a manuscript of a translation of a European leech-book copied in Steingrímsfjörður around 1500.<sup>5</sup> This has some similarities to parts of the *The Galdrabók* in Stockholm. However, it is not possible to look further back for the origins of the tradition due to lack of sources.

No book of magic has survived from the next decades after witchcraft cases discontinued in Iceland. According to folk tales those who had grimoires either burnt them before they died or asked their heirs to do so. In spite of this, manuscript collections in Iceland, and especially the National and University Library preserve a significant number of manuscripts that in one way or another have been connected with magic, some mistakenly. A comparison between 22 manuscripts with magical staves and 17<sup>th</sup> century

evidence shows that all of this material is part of the same tradition. Little is known about these younger manuscripts, where they were written and by whom, or even how they ended up in libraries. A few of the scribes are known, usually the ones whose work shows good craftsmanship, while others are obviously not used to handling a pen. Respect for what they were writing down seems to have been general. If the same things are found in two or more manuscripts from different times the drawings are almost always exactly the same and the texts almost identical. Therefore the younger grimoires, copied from the beginning of the 19<sup>th</sup> century and well into the 20<sup>th</sup>, cannot be discarded as fabrications.

Interest in the witchcraft cases of the 17<sup>th</sup> century has increased in Iceland but the grimoires have had limited attention. *The Galdrabók* in Stockholm was originally published with a Swedish translation in 1921, an English translation was published in 1989 but it was not published in Iceland until 1992. The protective book in the National Library was published with English, Danish and German translations in 2004.<sup>6</sup> The only published article about the younger grimoires was published in German in 1903 by Ólafur Davíðsson. The article included a collection of 59 staves, the oldest from a drawing in a 15<sup>th</sup> century lawbook while the vast majority

were copied from two late 19<sup>th</sup> century manuscripts. A booklet with only the staves was published in 1980.<sup>7</sup> A part of Davíðsson's collection was printed with the English translation of *The Galdrabók* in Stockholm but Davíðsson seems to have had access to only a few manuscripts and his collection can hardly be said to give a credible overview of the contents of Icelandic grimoires. The two manuscripts published in this book are both preserved in the manuscript collection of the National and University Library in Reykjavík and their publication will hopefully add to our knowledge of this unique tradition.

The manuscript Lbs 2413 8vo was written ca. 1800 and is the largest collection of magical staves in a single manuscript even when compared to those collected by amateur scholars almost a century later. Many of the magical acts described are the same as those mentioned in court records and similar ones can be found in the 17<sup>th</sup> century grimoires. The manuscript itself measures 10 x 8 cm with 74 leaves and nothing is known of its history or how the library acquired it. Apparently a systematic collection was intended, beginning with various acts to prevent theft or find who has stolen, then a collection of love magic, but after that there seems to be no specific order to the staves. After a number of protective staves or sigils there follow a number

of invocations against ghosts and evil spirits.

The second manuscript, Lbs 764 8vo, was written ca. 1820 and is very different. It is 14 x 8,5 cm, only 14 leaves and wrapped in an old leather wallet. The manuscript was bought in 1903 but no information about its history has been found. The first half appears to be of European origin and this part consists of protective signs and texts in Latin and with little connection to Icelandic court cases unless such signs or texts are the kind of blasphemy sometimes associated with staves or sigils. Among the Latin texts is the Lord's Prayer backwards, the only such example in Icelandic grimoires. The most obvious indication of the foreign origin are the sigils of the archangels which are found in European manuscripts and also printed in Reginald Scot's *The Discoverie of Witchcraft*. How this material was brought to Iceland has not been examined. The second part is a collection of the traditional type of staves but the texts are written with a secret alphabet. Though collections of hundreds of alphabets can be seen in many of the manuscripts associated with magic and runes, no other grimoire is written with this alphabet.

The Icelandic text is printed with modern spelling on the right hand page and an English translation on the left page. If Icelandic words appear in the English text their meaning is either

unknown or they are proper names. The Latin texts are not corrected but are printed exactly after the manuscripts. All the drawings of staves are copied after photocopies of the manuscripts and then compared to the originals. Már Jónsson has compared the text to the manuscripts, Ragnar Edvardsson shared his knowledge of Latin and Dr. Calum Campbell assisted with the English translation. Their help was invaluable. I also would like to thank Sjöfn Kristjánsdóttir and others at the manuscript division of the National and University Library and last but not least my companions at Strandagaldur for their patience.

Magnús Rafnsson

### **Tilvísanir / References**

- 1 *Guðs dýrð og sálnanna velferð. Prestastefnudómar Brynjólfs biskups Sveinssonar árin 1639-1674*. Már Jónsson tók saman. Reykjavík 2005, bls 299.
- 2 Magnús Rafnsson: *Galdrabækur í málum og handritum*. Meistaraprófsritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands, 2006.
- 3 *En isländsk svartkonstbok från 1500-tallet*, utgiven af Nat. Lindqvist, Uppsala 1921; Stephen Flowers: *The Galdrabók. An Icelandic Grimoire*,

York Beach 1989; Matthías Viðar Sæmundsson: *Galdrar á Íslandi*, Reykjavík 1992.

4 *Galdrakver*, Emilía Sigmarsdóttir, Rannver H. Hannesson og Ögmundur Helgason sáu um útgáfu, Reykjavík 2004.

5 *Den islandske lægebog*, udgivet af Kr. Kålund, København 1907, bls. 13-15.

6 See note 3.

7 Ólafur Davíðsson: „Isländische Zauberzeichen und Zauberbücher“, *Zeitschrift des Vereins für Volkskunde in Berlin*, Heft 2. 1903; Halldór S. Stefánsson: *Galdrastafir og náttúra þeirra*, Reykjavík 1980.






*1. If you want to know who has stolen.*

*Carve this stave on the bottom of a dinner bowl and grind yarrow as well as possible into it, fill the bowl with water and say these words: I ask that because of the nature of the herb and the effect of the water that I will see the shadow of him who has stolen from me and others.*


*2. Item. Carve this stave on the bottom of an unused washing bowl with a good piece of basalt rock, let spring water run into it that comes up facing east and north, spread ash of a rowan tree over it and you will see a likeness of the thief.*

1. [1r] Vilji maður vita hver frá sér stelur.

Rist þennan staf á botninn á aski og mal sem smæst mellefolium þar ofan í, og lát askinn vera fullan með vatn og mæl þessi orð: Þess æski ég fyrir grassins náttúru og vatnsins verkan að ég sjái skugga þess sem stolið hefur bæði frá mér og öðrum.



2. Item. [1v] Rist þennan staf á mundlaugarbotn óbrúkaðan með góðum blágrýtissteini, hell svo þar yfir rennandi uppsprettuvatni sem sprettur upp á móti austri og norðri og sá svo yfir reyniviðarösku og muntu sjá þjófsmyndina.



3. *Item. Take a new, unused washing bowl and put clean water into it. Then take an unused steel needle which you have only used to sew a shroud around a dead man. Pierce it into the breast of a dead man and keep it otherwise in unused linen. Having done this you will see a likeness of the the man that has stolen and if you show others they will see it too.*


4. *Item. Take a new washing bowl, put water in it, then take 2 or 3 slips of paper and write on them the names of your suspects and throw them in the water. Then say these words over it: c. i. lm cvy cvy. Then the note with the name of the thief will sink.*

5. *Also carve this stave on oak with your blood and sleep on it for 3 nights and do not say your prayers.*

3. Item. Tak nýja óbrúkaða mundlaug og lát vatn í hana hreint. Tak svo óbrúkaða stálnál hverja þú [2r] hefur ei brúkað nema til að sauma utan um dauðan mann og rek hana neðan í brjóst á dauðum manni en geym hana þar í milli í óbrúkuðu lérefi. Og að þessu svo tilbúnu muntu sjá mynd þess sem stolið hefur í mundlauginni, svo muntu hann og fleiri sjá ef fleirum sýnir.

4. Item. Tak nýja mundlaug, lát í hana vatn, tak svo 2 eða 3 seðla og skrifa þar á nöfn þeirra sem þú hefur grunsama og kasta þeim í vatnið, les svo þessi orð þar yfir: c.i.lm cvy cvy. [2v] Þá mun seðill þess sem nafnið er á og stolið hefur sökkva.


5. Einnin rist þennan staf á eik með blóði þínu og sof á í 3 nætur og bið ei fyrir þér.




6. *The following staves can be carved with a pencil on the bottom of a washing bowl. Sprinkle dry yarrow taken from the earth on the night of old St. John's Mass and say: I wish and pray for the greatness of these staves and the nature or power of the herb that a picture of who has stolen from me will appear distinctly before my eyes so I see him; and thus you will also see him. Do this with passion and with unwavering faith.*

7. *Also carve on the bottom of a washing bowl and keep under your head while sleeping for 3 nights and you will see the thief.*

6. Eftirfylgjandi stafi má rista með blýant á mundlaugarbotn. Sá þar yfir þurru millifolium úr jörðu tekið á gömlu Jónsmessunótt og mæl svo: Ég óska og bið fyrir mikilleik þessara stafa og grassins [3r] náttúru eða kraft að mynd þess er frá mér stal komi glöggt fyrir mín augu svo ég sjái hann; og svo mun hann sjá. Gjör þetta í heitum anda og fullri trú.




7. Einnin rist á mundlaugarbotn og haf undir höfði 3 nætur og sér þú þann er stal.




8. *Item. Carve on red spruce and keep under your head for 6 nights and you will see the thief.*

9. *To know who has stolen from you. Carve this stave on the inside and outside of a washing bowl with wood or lead while the moon is full and tide at its highest. Some carve on killing-wood or a lead-tablet with an unused steel knife that was made between daybreak and matins on a Sunday. Lay it under your head and you will see the thief. Say Pater Noster first when you wake up, but think well of the thief when falling asleep and do not pray for yourself.*

8. Item. [3v] Rist á rauðagreni og haf undir höfði þínu í 6 nætur og sér þú þann er stal.




9. Að vita hver frá þér stalur. Rist þennan staf á mundlaugarbotn utan og innan með tré eða blýi með fullu tungli og flóði sjávar. Sumir rista á manndrápstré eða blýtöflu með óbrúkuðum stálhnífi, smíðuðum milli dagmála og nóns [4r] á sunnudegi. Legg undir höfuð þér og muntu sjá þann er stolið hefur. Les Pater Noster fyrst þá vaknar, en hugsa vel til þess sem stolið var þá sofnar og bið ei fyrir þér.




10. Also carve these staves on baleen and put under a piece of turf on the grave of a man and let it lie there for 9 nights. Then take it and keep under your head and sleep on it. If he returns the stolen goods then scrape the staves off, put them in a bag and sprinkle over his head and under his feet without him knowing. Baldur. Týr. Þór. Óðinn. Loki. Hænir. Fjölnir. Fryggja. Freyja.

11. The following stave. Carve it on killing oak and sleep on it.

10. Einnin rist þessa stafi á skíði [4v] og lát undir jarðtorfu á karlmannsleiði og lát liggja þar í 9 nætur. Tak síðan þaðan og haf undir höfði þér og sof á, en láti hann koma með það sem hann stal þá skaf af stafina og lát í posa og sá yfir höfuð hans eða undir fætur og honum óvitandi. Baldur. Týr. Þór. Óðinn. Loki. Hæmir. Fjölnir. Fryggja. Freyja.



11. [5r] Eftirfylgjandi stafur. Rist hann á Nxmb-sxclh (Manndrápaek) og sof á.



12. *To get a girl. Carve this stave in your palm with your finger and your blood.*

13. *To get a girl. Carve in her palm with your finger and say: Morsa Orsa Dorsa.*

14. *That a girl will love you. Carve on cheese or bread with your eating-knife and feed her (have strong faith) this stave.*


- ✓ 12. Að fá Rgyihy (Stúlku). Rist þennan staf í lófa þér með fingri þínum með blóði þínu.



- ✓ 13. Að fá stúlku. Rist í lófa hennar [5v] með fingri þínum og mæl: Morsa Orsa Dorsa.



- ✓ 14. Að Rgyihx (Stúlka) unni þér. Rist á ost eða brauð með mathníf þínum og gef henni að eta (trú þú stöðuglega) þennan staf.



15. *Also this one and recite this verse: Be as your flesh and your head is burning, have no rest lest you love me. Put it under the hand of a woman, before the feet of a maiden on sanctified paper or the skin of a heifer.*


16. *If you want a girl. Carve this stave on her bedpost and besmear the stave with your blood and let no one sit there before her and also be the first to approach her.*

17. *Item. A girl may eat or drink of these staves.*

15. Einnig þennan og mæl þetta [6r] vers: Sértu sem þú brennir öll í holdinu og í höfðinu, unn þér hvergi utan þú unnir mér. Legg hann [handrit: hana] undir hönd á konu, fyrir fætur á mey á helguðum pappír eða frumsa skinn.



16. Ef þú vilt fá Rgyihy (Stúlku). Rist þennan staf á rúmstokk hennar og rjóðra yfir stafinn blóði þínu og lát öngvan setjast á fyrri en hana og kom líka fyrst til hennar.



17. Item. Rgyihx (Stúlka) má eta eður drekka af þessum stöfum.




*18. Carve these staves with your saliva while fasting in your palm and then shake hands with her.*

*19. Carve these 7 staves on a stick and put it under a girl's bedcover when she is going to bed.*

*20. To win a girl's love. Put this one under her head.*


18. Rist þessa stafi með fastandi munnvatni þínu og í iþzx (lófa) þinn og kclirx (heilsa) henni svo.



19. [7r] Rist þessa 7 stafi á kefli og lát undir Römt Rgyihy (Sæng Stúlku) þá ætlar til Römtys (Sængur) að fara.



20. Að fá ást Rgyihy (Stúlku). Legg þennan undir höfuð hennar.




21. *To get a woman. Carve these staves in your palm, sprinkle over blood from the right breast and put it in her hand.*

22. *That a girl will love you. Carve this stave in the palm of your hand with your saliva and then shake her hand.*

23. *To get a girl. Carve this stave with your eating knife on a sanctified wafer.*


✓ 21. Að fá konu. Rist þessa stafi í lófa þinn og dreita blóði úr hægra dslþrgc (brjósti) og lát í hönd hennar.



✓ 22. Að Rgyihx (Stúlka) elski þig. Rist þennan staf í lófa þinn með hráka þínum og heilsa henni svo.



✓ 23. Að fá Rgyihy (Stúlku). Rist þennan staf með mathníf þínum á kcitxbx þzixgy (helgaða oflátu).



24. *If you want a girl to love you. Carve these staves on her bedpost with steel.*

25. *To make a man and a woman love each other. Carve this stave on an slip of oak and let them walk over it unknowing.*

26. *To know whether one is a woman or a maiden. Carve this stave on cheese and then feed her. If she passes water she is not a virgin.*


✓ 24. Ef þú vilt að Rgyihx (Stúlka) [8r] elski þig. Rist þessa stafi á rúmstokk hennar með Rgxic (Stáli).



✓ 25. Að koma saman ástum kalls og konu. Rist þennan staf á hríseik og lát þau ganga oft yfir svo ei viti.



26. Að þekka mey eður konu. Rist þennan staf á ost og gef henni [8v] að eta. Láti hún sitt vatn er hún ei mey.



27. *To get what you ask for. Carve this stave on an oak branch.*


28. *To fish, carve this stave on your sinker.*

29. *To prevent a ship from fishing. Carve this stave with an awl on the keel without anyone knowing.*


- ✓ 27. Að fá bón sína. Rist á hríseik þennan staf:



- ✓ 28. Rist þennan staf á vaðstein þinn til að fiska.



29. Að láta skip ei fiska. Rist þennan staf á kjölinn með al svo ei viti. [9r]




*30. Carve this stave on killing oak, put it under your rowlock and you will never lack fish.*


*31. To know whether one is a woman or a maiden. Carve this stave on cheese and then feed her. The woman cries, the virgin laughs.*

*32. To win in trading. Keep this stave in your hand.*

30. Rist þennan staf á manndrápaeik og lát undir keip þinn og mun þig ei fisk bresta.



31. Að vita hvort ein er mey. Gjör þennan staf á ost eða brauð og gef henni að eta. Konan grætur [9v] en meyjan hlær.




32. Að hafa sigur í kaupum. Haf þennan staf í hendi þér.



33. *Item Carve this stave on the skin of a heifer's first calf with a human finger bone and your blood and cross over the one your trading with in the wrong direction in Holy Spirit, Son, and Father. Then read these words: yreses foras prepryes Seatyr fos=u. Thus the stave itself.*

34. *To get the thing you crave. Carve this stave on lead and keep in one of your hands. Carve with your eating knife and read this verse: Da nobis Hodied dími tími ej Petoribus men Indúcas.*


33. Item Rist þennan staf á frumsafrums með mannskjúku og blóði þínu og krossa þann öfugt er þú kaupir við [handrit: viss] í Heilögum Anda, Sonar og Föður. Les svo þessi orð: yreses foras pre-pryes Seatyr fos=u. Svona stafur-[10r]-inn sjálfur.



34. Að hafa þann hlut sem þig girnir. Rist þennan staf á blý og haf í hendi hvorri sem vilt. Rist með mathníf þínum og les þetta vers: Da nobis Hodied dími tími ej Petoribus Haftrus men Indúcas. [10v]




35. Að ná jafnaðarkaupum er þessi stafur og rist hann á blý eða mannsbein og haf í hendi þér.



36. Eður skrifa þennan staf á loðpappír með blóði úr vinstri armi þínum og ber undir sömu hölhendi. Stafurinn kemur [11r] hér.



37. Þessir stafir heita kaupalokar. Rist sinn í hvorn lófa með munnvatni og fingri þegar kaupir við einhvern.



*35. This stave is for ensuring fair trade. Carve it on lead or human bone and keep in your hand.*

*36. Or write this stave on felt paper with blood from your left hand and keep it in the same armpit. The stave comes here.*


*37. These staves are called bargain sealers. Carve one in each palm with saliva and finger when trading with someone.*

38. *If you do not want the captain to catch fish. Carve this stave with your eating knife under the thole for the line.*


39. *These they call rowing staves and carve them on a Friday on the place on the boat where they place their oars.*

40. *To injure a horse. Carve this following stave with your blood and your finger on the frog as close as possible to the horse.*


38. Ef þú vilt ei láta formann fiska. Rist þennan staf með mathníf [11v] þínum undir vaðbeygjuna.



39. Þessa stafi kalla þeir róðrarstafi og rista þá föstudag undir skauta á ár sinni.




40. Að meiða hest. Rist í þófann næst hestinum úr blóði þínu með fingri þínum þennan staf sem eftir fylgir. [12r]




41. *To damage a horse with a man riding it. Carve on the loin with the long finger of your left hand.*

42. *To prick with a sleep thorn. Carve on a beech tablet with steel and lay under or on top of the head of the sleeper and recite: I invoke the Devil that he put power into these staves so wether I lay them under or over the head, that this man (and name him) will sleep as the stones lying in the streets.*

41. Að laska hest undir manni. Rist á lendina með vinstra langafingri.



✓ 42. Að stinga svefnþorn. Rist á beykispjald með stáli og legg undir eða ofan á [12v] höfuð þess sofandi og mæl: Særi ég Blæzyilm (Djöfulinn) að hann hafi kraft í þessum stöfum, að hvort ég legg þá undir eða ofan á höfuð, að þessi maður (og nefn hann) sofi sem steinn sem á strætum liggur.



43. *If you want a favourable wind. Walk in the direction that you want the wind to come from and then carve these staves on brass and swing them three times in the air while the sun is directly in the east and a favorable wind will come. Carve with steel.*




44. *Carve these staves on the hip of a mare with steel and lay under his head to tell you what you want.*

45. *That no one will see you. Take the head of a black cat, burn it to ashes, sprinkle it over the top of your head and your nose and recite this poem:*

*Strike thou Þór,  
Fog thou hast,  
And even in fog  
far and wide walked  
with the daughters of Jöfrir  
and in the fog of Þórir  
fog of Þumill  
fog of Örvandill  
fog of Baldur  
and the fire of Óðinn;  
Come now Lord  
around the dark head  
that Hringþornir  
pushed to sea.  
All then became afraid  
Fire then rose*

44. [13v] Rist þessa stafi á merarmjóðm með stáli og legg undir höfuð honum að segja þér hvað vilt.



45. Að enginn sjái þig. Tak höfuð af svörtum ketti og brenn til ösku og sá yfir hvirfil þinn og nef og les þessa vísu:

Slá þú Þór,  
þoku þú hefur  
og jafnan í þoku  
víða gengið  
með [14r] Jöfris dætrum  
og í Þóriris þoku,  
Þumils þoku,  
í Örvandils þoku,  
í Baldurs þoku  
og bruna Óðins  
kom þú Drottinn  
um myrkva höfuð,  
þá er Hringþorni  
hrast á Æginn,  
hræddir urðu þá allir,  
hraut þá eldur

*into the air  
nowhere were seen  
the sky, the moon  
nor the stars.*

*Cover my head  
Hliðskjálfargramur  
body with bones,  
breast with bones,  
cartilage with feet  
so no man  
will see me.*

*In Nomine pater et filius et Spiritus Santus  
Amen.*

*46. Carve these staves on cheese against colic and  
let it be eaten 3 mornings on a fasting stomach.  
Carve with copper or brass.*

*47. Carve these staves in your palm with your  
finger and saliva and your wish will be granted.  
Keep a strong faith.*




48. *Against fright of darkness. Carve on lead or human bone with steel and keep in your hand.*

49. *If you want to do evil to somebody. Carve these staves on killing oak, burn it and give as medicine in a drink and say what you desire.*

50. *Carry this staff on your breast on the skin of a heifer or on sanctified paper if you have to defend your case.*


48. Við myrkfælni. Rist á blý eða mannsbein með stáli og haf í hendi þér.



49. Viljir þú gjöra lig nxmmcrhly (illt manneskju). Rist þessa stafi á mann-[15v]-drápseik, brenn síðan og gef öskuna inn í drykk og mæl fyrir hvað vilt.



50. Ber þennan staf á brjósti þér á frumsa skinn eður á helguðum pappír ef verja átt mál þitt.




51. *If you want that a man shall steal, feed him this stave on cheese or bread. As follows.*


52. *Make this stave on yourself under your left arm and you will win in disputes.*

53. *If you want to win in disputes. Make these staves in your palm with your saliva and say: I wash myself in dew and daily washing water.*


✓ 51. Viljir þú láta mann stela gef honum að eta þennan staf á ost eður brauði. Sem eftir fylgir.  
[16r]



✓ 52. Gjör þennan staf undir vinstri hönd þína á sjálfan þig og muntu sigur í málum hafa.



✓ 53. Viljir þú hafa sigur í málum. Gjör þessa stafi í lófa þer með munnvatni þínu og mæl: Þvæ ég mér í dökk og daglaug.



54. *If you want your wish to come true. Carve these staves on sanctified paper with blood from under your tongue. Carry on your body and lay under your head and make your wish when falling asleep and waking up.*


55. *If your horse becomes lame. Carve these staves on the back of the left leg with a pencil.*

56. *If you wish that a horse breaks a leg. Carve this stave on a stick and throw it in the path. Carve with your eating knife. This is the stave.*


✓ 54. Ef þú vilt fá bón þína. Rist þessa stafi á helg-  
aðan pappír með blóði [16v] þínu undan tungu.  
Ber á þér og legg undir höfuð þitt og óska þess þá  
sofnar og vaknar.



✓ 55. Ef hestur þinn heltist. Rist þessa stafi aftan á  
vinstra fótinn með blýanti.



✓ 56. Viljir þú að hestur fótbrotni. Rist þennan staf  
á kefli og kasta í götuna. Rist með mathníf þín-  
um. Stafurinn kemur hér. [17r]




57. *To make an enemy fear you. Carve this stave on lead with your eating knife and carry it under your left arm.*

58. *These for the same purpose:*

59. *If you want a man to sleep. Take a dead man's excrement or a man's excrement and ödu [unknown Icel. word] mould and lay between his breasts and carve these staves with steel on a piece of baleen.*


57. Að óvinur þinn óttist þig. Rist þennan staf á blý með mathníf þínum og ber undir vinstra armi.



58. Þessa í sama máta:

3. 2. 5. 1. 7. 7. 7.

59. Viljir þú láta mann sofa. Tak bxybr (dauðs) manns saur eða manns saur eða manns saur og ödu [svo í handriti] mold og legg milli [17v] brjósta hans og rist þessa stafi á skíðisbrot með stáli.




60. To make your wish come true. Carve these staves on an oak twig with your eating knife and keep in your hand.

*yun-mel*  
61. To soothe anger. Write this stave with pen and blood and keep under the tongue, the stave comes here.

62. That no one corrupts the girl you desire. Carve these staves on her bedpost where she sleeps. Carve with steel.


✓ 60. Að fá bón sína. Rist þessa stafi á hríseik með mathníf og haf í hendi.



✓ 61. Að stilla reiði. Skrifa þennan staf með penna og blóði og haf undir tungu, stafurinn kemur [18r] hér.



✓ 62. Að enginn spilli Rgyihy (Stúlku) fyrir þér. Rist þessa stafi á rúmstokk hennar þar hún sefur. Rist með stáli.




63. *To get your wish. Write these staves on sanctified paper with pen and ink and keep in your hand.*

64. *To win at playing cards. Write these staves with calf's blood and a raven's feather on the skin of a heifer's first calf, keep in your hand and squeeze until it becomes warm.*

65. *These staves protect against all kinds of bad luck on land and sea – written on sanctified paper with calf's blood and born on the breast.*


63. Að fá bón sína. Skrifa þessa stafi á helgaðan pappír með penna og bleki og haf í hendi þér.



64. [18v] Að vinna spil. Skrifa þessa stafi úr kálfs blóði og hrafns fjöður á frumsa frumsa og haf í vinstri hendi og kreist svo hitir.



